

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Sigmundarstaðir – mælímastur á Grjóthálsi, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti framlagða tillögu að deiliskipulagi í landi Sigmundarstaða, á fundi sínum nr. 264 8. mars 2025. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Sveitarstjórn ítrekar að um tímabundið leyfi er að ræða til mælinga í tvö ár og áréttar skyldu málsaðila um að taka mælímastrið niður að þeim tíma loknum og farið verði fram á tryggingu þess efnis áður en byggingarleyfi verður gefið út.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 10. júní 2025.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 25. júní 2025